



## Skipulags -og byggingarnefnd Fundargerð

Fundur nr.105 haldinn á skrifstofu Skaftárhrepps Klausturvegi 10, þriðjudaginn 7.október 2014 klukkan 15:00. Mættir eru nefndarmenn Jóhannes Gissurarson formaður nefndarinnar, Guðbrandur Magnússon, Davíð Andri Agnarsson, Ragnar Smári Rúnarsson, Kristbjörg Hilmarsdóttir og Vigfús Þ. Hróbjartsson Fulltrúi skipulags –og byggingarmála.

### Dagskrá:

#### Byggingarmál:

##### 1. Dalshöfði - Byggingarleyfi

Ragnar Jónsson kt. 150248-4509 sækir um byggingarleyfi stækkun á núverandi gistingu Dalshöfða samkvæmt meðfylgjandi uppdráttum. Í framkvæmdinni felst að útbúin eru tvö svefnherbergi ásamt baðherbergi og geymslu í rými sem áður var hlaða.

*Samþykkt. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að ljúka málinu.*

#### Skipulagsmál:

##### 2. Orustustaðir - aðalskipulagsbreyting

Lagt er fyrir nefndina breyting á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 vegna Orustustaða. Breytingartillaga var auglýst samkv.31.gr.skipulagslaga nr.123/2010 í kjölfar samþykkis sveitarstjórnar þann 15.júlí 2014. Alls bárust 10 athugasemdir og umsagnir eftir auglýsingu þar sem gerðar eru athugasemdir í nokkrum liðum. Athugasemdir bárust ýmist frá löggildum umsagnaraðilum eða einstaklingum. Í einhverjum tilfellum er um að ræða umsagnir frá hópi einstaklinga. Tekið var tillit til athugasemda og þeim svarað innan breytingartillögunnar eftir atvikum.

*Skipulags –og byggingarnefnd hefur farið yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á tillögunni eftir auglýsingu og samþykkir þær fyrir sitt leiti. Tekið hefur verið tillit til athugasemda og umsagna sem bárust innan greinargerðar skipulagsins. Nefndin mælist til þess að sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykki breytingartillögu þessa og sendi hana til yfirferðar skipulagsstofnunnar fyrir auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda samkv. 32.gr. skipulagslaga nr.123/2010.*

##### 3. Mýrar – Stofnun lóðar

Páll Eggertsson sækir um leyfi fyrir stofnun lóðar úr upprunalandi Mýrar landnúmer-163413 samkvæmt meðfylgjandi umsókn og lóðarblaði. Um er að ræða 1,2 ha lóð úr landi Mýrna.

*Samþykkt. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að ljúka málinu.*

H. G.

## Önnur Mál:

### 4. Leiðvöllur - Rif

Guðni Már Sveinsson sækir um leyfi fyrir að rífa fasteignir að Leiðvelli. Um er að ræða útihús byggð í kringum 1970. Fulltrúi skipulags –og byggingarmála hefur haft samband við landgræðsluna sem gerir ekki athugasemd við urðum lífrænna efna á svæðinu.

**Samþykkt. Mælt er til þess að farið verði að kröfum heilbrigðiseftirlits varðandi urðun byggingarhluta.**

### 5. Framkvæmdaleyfi – Efnistaka námu N4

Vegagerðin sækir um framkvæmdaleyfi fyrir efnisvinnslu úr námu N4 vesta Kúðafljóts samkv. meðfylgjandi umsókn og uppdraetti. Áætlað er að vinna 4000 m<sup>3</sup> af klæðningaefni úr námunni. Samþykki landeigenda liggur fyrir samkv. bréfi Vegagerðarinnar.

**Samþykkt. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að ljúka málinu.**

### 6. Stöðuleyfi – Iðjuvellir 3 og 5b

Gústaf B. Pálsson kt.200352-3949 sækir um stöðuleyfi fyrir geymslugámum við Iðjuvelli 3 og 5b samkv. meðfylgjandi umsókn.

**Samþykkt. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að ljúka málinu.**

### 7. Umræða um hlutverk (skipulags –og) byggingarnefndar

Byggingarnefnd Skaftárhrepps er starfrækt samkv. undaþágu 7.gr. laga um mannvirki. Þar segir m.a.:

“Sveitarstjórn er heimilt með sérstakri samþykkt að kveða á um að í sveitarfélaginu starfi byggingarnefnd sem fjalli um byggingarleyfisumsókn áður en byggingarfulltrúi gefur út byggingarleyfi og hafi að öðru leyti eftirlit með stjórnarsýslu hans fyrir hönd sveitarstjórnar. Sveitarstjórn er heimilt að gera það að skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis af hálfu byggingarfulltrúa, vegna allra eða tiltekinnna mannvirkjagerða, að byggingarnefnd og/eða sveitarstjórn hafi samþykkt útgáfuna....”

Lögum samkvæmt ber sveitarfélagi að hafa skipulagsnefnd þar sem öll mál skipulagsmál og/eða byggingarmál sem skarast við gildandi skipulög svæðisins eru tekin fyrir. Byggingarmál og framkvæmdir við byggingar fara hinsvegar að lögum og reglum þess efnis s.s. byggingarreglugerð og lögum um mannvirk og eru ekki háðar mati. Annað hvort standast byggingar þær kröfur sem byggingarreglugerð setur eða ekki. Það er því hlutverk byggingarfulltrúa að yfirfara gögn og sjá til þess að þau standist þær kröfur sem til þeirra eru gerðar.

Skipulagsmál þarfnast hinsvegar afgreiðslu þar sem svara þarf athugasemdum og taka matskenndar oft pólitískar ákvarðanir varðandi áherslur og umfang slíkra mála. Auk þess eru skipulagstillögur ávallt á höndum sveitarfélagsins þótt svo að einkaaðilar sjái um vinnslu slíkra tillagna.

Ekki fleira gert

Fundi slitið kl. 16:55

*J.S.*  
*A*